



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

vigfus@sbe.is

Re: Fw: Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 - breyting í landi Glæsibæjar - skipulagslýsing  
Sent: 04.04.2018 14:08:09 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030049, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030049

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hörgársveit, dags. 22. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulags- og matslýsinguna. Um er að ræða lýsingu á fyrirhuguðu skipulagi og umhverfismati fyrir það þ.e. hvað eigi að skipuleggja og hvað er skoðað í því sambandi og hvernig umhverfismatið eigi að fara fram. Lýsingin virðist hins vegar á nokkrum stöðum vera komin á það stig að tekin er afstaða til þess sem á að framkvæma en sumstaðar virðist hins vegar vanta það sem er lagt til grundvallar þeirri afstöðu t.d. hvað varðar náttúrufar. Til dæmis segir undir kafla 3.1.1. „Svæðið sem um ræðir er ekki mikilvægt vegna náttúrufars - auðlinda eða sögu.“ Í raun kemur ekki fram á hvaða forsendum þessi fullyrðing er sett fram um náttúrufar aðrar en að skógrækt hefur ekki gefið góða raun og að landið hefur verið tekið úr landbúnaðarnotkun. Það sem Náttúrufræðistofnun er að benda á er framsetningin á þessu stigi. Í kafla 1.2 mætti t.d. bæta almenna lýsingu á náttúrufari samhliða lýsingu á núverandi landnotkun og í kjölfar þess draga ályktanir um hvort svæðið væri mikilvægt eða ekki út frá t.d. viðmiðum í lögum um náttúruvernd. Í slíkri lýsingu kæmi t.d. fram hvort stærsti hluti svæðisins væri nú þegar raskað eða ónáttúrulegt o.s.frv. Þ.e. hvaða viðmið í umhverfismati verða lögð til grundvallar ákvarðanatöku um mat á svæðinu og þess sem á að skipuleggja þar. T.d. mætti nýta eins og við á upplýsingar um vistgerðir á svæðinu, sjá hér <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir> og upplýsingar um mikilvæg fuglasvæði, sjá hér <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að sérstakar náttúruminjar, lífríki eða jarðminjar, séu innan umrædd svæðis en stærstur hluti þess virðist vera landbúnaðarland og skógrækt auk efnistökusvæðis.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á (t.d. í tengslum við umhverfismat skipulagsins):

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðahóltsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS  
Date: 22.03.2018 11:15:43  
To: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS  
Subject: Fw: Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 - breyting í landi Glæsibæjar - skipulagslýsing

---

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 22.03.2018 11:15 -----

From: Vigfús Björnsson <vigfus@sbe.is>  
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>  
Date: 22.03.2018 09:18  
Subject: Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 - breyting í landi Glæsibæjar - skipulagslýsing

---

Góðan dag!

Í viðhengi er skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024. Lýsingin er nú send umsagnaraðilum til yfirferðar skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Náttúrufræðistofnun Íslands er góðfúslega beðin að yfirfara skjalið og koma athugasemdum á framfæri við undirritaðan ekki síðar en 2018-04-06.

Erindi þetta verður eingöngu sent í tölvupósti nema fram komi beiðni um annað.

Með bestu kveðju,

**Vigfús Björnsson**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar

Skólatróð 9, Hrafnagilshverfi, 601 Akureyri

GSM: 696 5767 / S: 463 0600

Tölvupóstur: vigfus@sbe.is



- Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024 - Glæsibær - skipulagslýsing.pdf